

Mætt voru; Örn skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, Kristín og Birna fulltrúar kennara, Þorsteinn fulltrúi starfsmanna, Aron og Snorri fulltrúar nemenda, Hafdís og Þröstur fulltrúar foreldra og Ingólfur fulltrúi grenndarsamfélags, starfsmaður KR og foreldri.

Örn ræddi um að byrja fundinn á þeim málumefnum sem helst snúa að nemendum þannig að fulltrúar nem. þurfi ekki alltaf að sitja fundina til enda ef þeim sýnist svo.

Ingólfur lýsti vonbrigðum sínum með hve seint þessi fyrsti fundur skólaráðs er haldinn og vonaði að nú verði gerð bragabót á því og fundað reglulega.

Örn sagði frá breytingum á umsjónarmanna kerfi í matsal um áramót. Það var gert í framhaldi af óskum nemenda og fundi starfsmanna sem vinna með nemendum í matsal.

Sagt stuttlega frá niðurstöðum heildarmats sem gert var hér í Grandaskóla s.l. vor. Skýrsla um heildarmatið er birt á heimasíðu skólans. Í framhaldi af matinu vvar gerð umbótaráætlun sem ætlað er að vinna eftir á næstu mánuðum. Örn nefndi nokkra þætti sem unnið verður með.E.t.v. rétt að skoða hvort umbótaráætlun ætti að birtast á heimasíðunni.

Spurt um framhald teymiskennslu í skólanum og þær skorður sem fjöldi nemenda setur kerfinu.Áætlað að taka umræður innanhúss í framhaldi á því.

Í skýrslum er talað um hlutfall barna í skólahverfinu sem kemur í Grandaskóla, er einhver skýring á því að hingað koma ekki öll þessi börn sem búa hér heldur 85% þeirra. Athuga hvort sama staðan er uppi í nágrannskólunum.

Örn sagði frá vinnu innanhúss með grunnþætti menntunar í nýrri aðalnámsskrá grunnskólanna og í framhaldi með almennan hluta námskrár, greinasvið. Gerð hefur verið áætlun um framhald þeirrar vinnu en áætlað er að innleiðingu nýrrar aðalnámsskrár ljúki 2015.

Næsti fundur um mán.mót febrúar/mars.

Fundi slitið

Inga Sigurðardóttir